

Fundur í Vinnuvernarnefnd Grindavíkurbæjar þriðjudaginn 3. september 2013 kl. 15:00.

Mættir voru: Þorsteinn Gunnarsson, Arnfinnur Antonsson, Sigurbjörg Erlingsdóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Fríða Egilsdóttir, Lóa Björg Björnsdóttir, Jón Björn Sigurgeirsson og Valdís Brá Þorsteinsdóttir frá Vinnuvernd.

1. Áhættumat fyrir stofnanir

Áhættumati er að mestu lokið. Samþykkt að senda vinnuumhverfisvísi og aðgerðaráætlun á forstöðumenn stofnana og sviðsstjóra til að hafa til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar. Þá þarf að gera samantektarblað fyrir Vinnueftirlitið.

Skylt er að kynna áhættumatið fyrir starfsfólki viðkomandi stofnunar. Það verður sent út fljótlega með tölvupósti til kynningar til viðkomandi stofnana og starfsfólk beðið um að koma með skriflegar ábendingar á netfang nefndarinnar: vinnuvernd@grindavik.is

2. Viðbragðsáætlanir stofnana

Grunnskólinn hefur lokið viðbragðsáætlun fyrir bæði skólann við Ásabraut og Hópsskóla. Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðsstjóra er unnið að því að gera viðbragðsáætlanir fyrir aðrar stofnanir bæjarins. Samþykkt að biðja slökkviliðsstjóra að koma á næsta fund nefndarinnar til þess að upplýsa um stöðu mála.

3. Ábendingar frá starfsmannafundi

Ábendingar sem komu fram á sameiginlegum starfsmannafundi bæjarins í haust voru flokkaðar niður á stofnanir. Búið er að senda þessa lista á forstöðumenn stofnana þá aðallega sem snýr að bættum aðbúnaði og öryggi á vinnustað og biðja þá um minnisblað vegna þess.

4. Vinnuverndarmappa

Valdís Brá frá Vinnuvernd kynnti vinnuverndarmöppu fyrirtækis. Hún flokkast í áhættumat, viðbragðsáætlun (vegna einelti og ofbeldi), reglur og leiðbeiningar, neyðaráætlun vegna náttúruhamfara og skráning slysa og næstum-slysa.

Nefndin samþykkir að svipuð mappa verði í öllum stofnunum Grindavíkurbæjar.

5. Aðstoð frá Vinnuvernd

Ráðningasamningi Vinnuverndar fyrir Grindavíkurbæ er lokið. Nefndin samþykkir að fara þess á leit við bæjarráð að Vinnuvernd verði nefndinni áfram innan handar á mánaðarlegum fundum fram að áramótum og við einstök verkefni ef á þarf að halda.

Næsti fundur nefndarinnar verður þriðjudaginn 1. október kl. 15:00 á bæjarskrifstofunum.

Fundi slitið kl. 16:00.